

Almennir skilmálar

Um eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf

1. Gildissvið

Skilmálar þessir gilda þegar Landsbréf hf. veitir viðskiptavinum þjónustu sem felst í fjárfestingaráðgjöf eða eignastýringu. Um skilmála þessa gilda íslensk lög og reglugerðir og reglur markaða eftir því sem við getur átt.

Ef ósamræmi er milli laga og reglugerða, markaðsreglna, einstakra samninga um sérgreind viðskipti og skilmála þessara skal þeim beitt í eftirfarandi röð:

- a) lög
- b) reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli
- c) markaðsreglur
- d) einstakir samningar um sérgreind viðskipti
- e) skilmálar þessir

Um hugtök og orðanotkun samkvæmt skilmálum þessum er vísað til laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

2. Upplýsingar um LEI-kóða eða NCI-kóða

Ef viðskiptavinur er lögaðili þá ber honum að upplýsa Landsbréf um LEI-kóða (Legal Entity Identifier) sinn en um er að ræða alþjóðlegan 20 stafa kóða til auðkenningar á lögaðilum. Breytist LEI-kóði viðskiptavinar skal hann tafarlaust upplýsa Landsbréf um slíkar breytingar. Ef lögaðili er ekki með gildan LEI-kóða kann að vera óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti viðkomandi lögaðila með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi.

Ef viðskiptavinur er einstaklingur þá ber honum að upplýsa um NCI-kóða sinn (National Client Identifier) en um er að ræða alþjóðlegt kennimerki einstaklinga sem byggir á kennitölum, skattkennitölum og vegabréfsnúmerum sem ríki úthluta einstaklingum. Ef einstaklingur er einungis með íslenskt ríkisfang þá er íslensk kennitala einstaklings NCI-kóði hans. Ef einstaklingur er með tvöfalt ríkisfang eða annað ríkisfang en íslenskt þá kann NCI-kóði hans að vera annar en íslensk kennitala viðskiptavinar. Ef viðskiptavinur hefur ekki upplýst um NCI-kóða sinn kann Landsbréfum að vera óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti viðskiptavinar með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi.

3. Flokkun viðskiptavina

Áður en Landsbréf geta veitt viðskiptavinum fjárfestingaráðgjöf eða annast fyrir hann eignastýringu ber Landsbréfum að flokka viðskiptavin sem almennan fjárfesti, fagfjárfesti eða viðurkenndan gagnaðila í samræmi við lög um markaði fyrir fjármálagerninga. Landsbréf munu tilkynna nýjum viðskiptavinum sínum um flokkun þeirra og um rétt þeirra til að fara fram á aðra flokkun sem og um takmarkanir á umfangi verndar viðskiptavinar. Þeir sem falla ekki undir flokk almennra fjárfesta munu þurfa að samþykkja sína flokkun sérstaklega.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á að tilkynna Landsbréfum um breytingar á hans högum sem áhrif geta haft á flokkun hans og ef hann telur flokkunina ranga.

4. Eignastýring

Í eignastýringu felst að Landsbréf stjórna eignasafni viðskiptavinar í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrirfram ákveðin af viðskiptavini. Landsbréf mun því taka ákvörðun um og eiga viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar með fjármálagerninga o.fl. fyrir eigin reikning viðskiptavinar. Sinni Landsbréf eignastýringu fyrir viðskiptavin þá er gerður um það sérstakur samningur.

5. Fjárfestingarráðgjöf

5.1 Almenn

Landsbréf taka því að sér að veita fjárfestingarráðgjöf að gerður hafi verið sérstakur samningur við viðskiptavin um slíka þjónustu. Í henni felst persónulega ráðlegging í tengslum við fjármálagerninga og getur t.a.m. falist í ráðleggingu um kaup eða sölu tiltekins fjármálagernings, s.s. hlutabréfs eða skuldabréfs. Jafnvel þótt Landsbréf veiti fjárfestingarráðgjöf þá er það viðskiptavinur sem tekur ákvörðun um hvort hann fylgir ráðgjöfinni eða ekki. Viðskiptavinur tekur því ákvörðun um einstök viðskipti og ber ábyrgð og áhættu á fjárfestingarákvörðunum sínum.

Um þóknanir og gjöld fyrir veitingu fjárfestingarráðgjafar fer samkvæmt samningi þar að lútandi.

5.2 Háð fjárfestingarráðgjöf

Þegar Landsbréf veita fjárfestingarráðgjöf þá er um svokallaða háða ráðgjöf að ræða. Ráðgjöfin telst háð þar sem Landsbréf veita ráðgjöf varðandi fjármálagerninga sem í sumum tilvikum eru gefnir út eða látnir í té af Landsbréfum eða aðilum með náin tengsl eða önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við Landsbréf, svo sem á grundvelli samnings. Ráðgjöfin getur jafnframt falist í fjárfestingarráðgjöf varðandi aðra valda fjármálagerninga, s.s. hlutabréf eða skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

5.3 Hæfismat

Áður en fjárfestingarráðgjöf er veitt aflar skal Landsbréf nauðsynlegra upplýsinga frá viðskiptavini um:

- þekkingu og reynslu á sviði fjárfestinga sem máli skipta fyrir þjónustuna,
- fjárhagsstöðu viðskiptavinar, þ.m.t. um getu til að mæta tapi, og
- fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar, þ.m.t. áhættuþol.

Upplýsinganna er eftir atvikum aflað með því að leggja spurningarlista fyrir viðskiptavin. Viðskiptavini ber að svara spurningum sem fyrir hann eru lagðar eftir bestu vitund. Rangar eða ófullnægjandi upplýsingar geta leitt til þess að viðskiptavinur fái ekki ráðgjöf sem hæfir honum. Landsbréf bera enga ábyrgð ef viðskiptavinur veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

Ef viðskiptavinur er flokkaður sem fagfjárfestir er heimilt að gera ráð fyrir því að hann hafi nægjanlega þekkingu og reynslu í skilningi a) liðar hér að ofan, að því er varðar vörur og þjónustu sem hann er flokkaður sem fagfjárfestir vegna. Þá er heimilt að gera ráð fyrir því að fagfjárfestir sé fjárhagslega fær um að bera alla tengda fjárfestingaráhættu sem samræmast

fjárfestingarmarkmiðum hans. Þetta á þó ekki við um svokallaða upphækkaða fagfjárfesta, þ.e. þegar Landsbréf hafa flokkað viðskiptavin sem fagfjárfesti samkvæmt beiðni viðskiptavinar.

5.4 Hæfismatsskýrsla

Þegar Landsbréf veita viðskiptavini, sem flokkaður er sem almennur fjárfestir, fjárfestingarráðgjöf þá munu Landsbréf, áður en viðskipti eiga sér stað, afhenda honum hæfismatsskýrslu á varanlegum miðli þar sem tilgreint er hvaða fjárfestingarráðgjöf verði veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og þörfum hans.

Ef gerður er samningur um kaup eða sölu á fjármálagerningi með fjarsölu, t.d. í gegnum síma, sem kemur í veg fyrir að hægt sé að afhenda hæfismatsskýrslu fyrirfram er Landsbréfum heimilt að afhenda skýrsluna um leið og viðskiptavinur hefur skuldbundið sig með slíkum samningi, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) viðskiptavinur hefur samþykkt að taka við hæfismatsskýrslunni eins fljótt og auðið er eftir að viðskiptin hafa farið fram, og
- b) Landsbréf hafi gefið viðskiptavini kost á að fresta viðskiptunum til að hann geti mótttekið hæfismatsskýrsluna fyrirfram.

6. Varsla fjármálagerninga, raunverulegt eignarhald o.fl.

6.1 Almenn

Viðskiptavinur skal gera samning við vörslufyrirtæki um vörslu fjármálagerninga sinna. Sé misræmi á milli skilmála þessara og skilmála vörslusamnings skulu skilmálar vörslusamnings gilda um þau atriði er varða vörsluna eftir því sem við getur átt.

6.2 Yfirlýsingar viðskiptavinar

Með því að samþykkja skilmála þessa lýsir viðskiptavinur því yfir að:

- a) allar eignir, sem hafa verið eða munu verða lagðar inn á vörslureikning hjá vörsluaðila af viðskiptavini (eða samkvæmt umboði frá viðskiptavini), tilheyra viðskiptavini og að hann telst raunverulegur eigandi þeirra (e. beneficial owner).
- b) skattaleg heimilisfesti viðskiptavinar sé í því landi sem hann hefur tilgreint í samskiptum sínum við Landsbréf vegna skilmála þessara og að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði til að falla undir ákvæði tvísköttunarsamnings, sé slíkur samningur fyrir hendi.
- c) Viðskiptavinur skal tilkynna Landsbréfum tafarlaust allar breytingar á raunverulegu eignarhaldi og skattalegri stöðu.

7. Samningar um eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf

Skilmálar þessir skulu koma til fyllingar samningi sem viðskiptavinur hefur gert við Landsbréf um eignastýringu og/eða fjárfestingarráðgjöf. Sé misræmi á milli skilmála þessara og skilmála samnings skulu skilmálar eignastýringarsamnings eða samnings um fjárfestingarráðgjöf gilda nema annað leiði af lögum.

8. Varúðarskylda viðskiptavinar

Viðskiptavinur ber einn ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sínum, þ.m.t. ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli eignastýringarsamnings eða samnings um fjárfestingarráðgjöf. Viðskiptavinur

gerir sér grein fyrir því að viðskipti geta verið mjög áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefa takmarkaðar vísbendingar um ávöxtun í framtíð. Viðskiptavinur ber að afla sér ráðgjafar sérfræðinga hafi hann takmarkaða þekkingu á viðskiptum með fjármálagerninga, s.s. um fjárfestingakosti, áhættu, skattamál og annað sem snertir fjárfestingar hans. Óski viðskiptavinur eftir ráðgjöf Landsbréfa er áréttað að slíkt álit er gefið án ábyrgðar og getur breyst fyrirvaralaust vegna breyttra forsendna viðskiptavinar eða markaðsaðstæðna. Hið sama gildir um allar upplýsingar sem birtast á vefsíðum á vegum Landsbréfa.

9. Þóknun og skuldfærsluheimild

Um þóknunir og þjónustugjöld fer samkvæmt samningi. Hafi viðskiptavinur heimilað Landsbréfum að skuldfæra þóknun og þjónustugjöld af reikningi sínum skal viðskiptavinur sjá til þess að ætíð sé næg innstæða á þeim reikningi. Eigi Landsbréf og viðskiptavinur útistandandi skuldir gagnvart hvorum öðrum vegna viðskipta innan viðskiptadags skal heimilt að skuldajafna greiðslum milli aðila, enda sé fullnægt almennum skilyrðum skuldajafnaðar.

10. Tilkynningar og leiðréttingar

Hafni viðskiptavinur gert samning um eignastýringu við Landsbréf, skulu Landsbréf senda honum yfirlit a.m.k. einu sinni á ári um þá fjármálagerninga eða fjármuni sem í stýringu eru, nema slíkt yfirlit hafi komið fram í annarri reglubundinni upplýsingagjöf. Um frekari tilkynningar og tímafresti þar að lútandi fer eftir nánari ákvæðum skilmála og samninga milli Landsbréfa og viðskiptavinar og að öðru leyti eftir lögum og reglugerðum.

Landsbréfum er heimilt að senda tilkynningar til viðskiptavinar með bréfpósti, símbréfi, símtali, tölvupósti eða sérhverjum öðrum hætti er aðilar koma sér saman um. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn hans kemur ekki tölvupósti til skila eða aðrir tæknilegir sem Landsbréfum verður ekki kennt um verða þess valdandi að tilkynningar berast ekki viðskiptavini. Viðskiptavinur skal tilkynna Landsbréfum ef breyting verður á póstfangi, símanúmeri, bréfsímanúmeri eða tölvupóstfangi. Landsbréfum er ávallt rétt að líta á heimilisfang samkvæmt þjóðskrá sem rétt póstfang nema annað aðsetur hafi verið gefið upp skriflega. Biðji viðskiptavinur um breytingu á póstfangi sem ekki er í samræmi við þjóðskrá er viðskiptavini ljóst að póstfangið verður skráð þar til beiðni um breytingu berst að nýju. Verði viðskiptavinur fyrir tjóni vegna þess að tilkynningar milli aðila þessa samnings misfarast, t.d. ef Landsbréfum berst ekki tölvupóstur af einhverjum ástæðum, bréfasendingar komast ekki til skila, ef upp koma tæknilegir örðugleikar eða misskilningur vegna ógreinilegra fyrirmæla í símbréfi eða í síma, bera Landsbréf enga ábyrgð á því tjóni.

Landsbréf áskilja sér rétt til leiðréttinga í samræmi við raunverulega eign eða skuldir viðskiptavinar jafnt vegna viðskiptafærslna, vörslu, millifærslna eða annarra leiðréttinga sem tengjast viðskiptum hjá Landsbréfum.

Við andlát, gjaldþrot, skiptingu eða samruna viðskiptavinar skal senda Landsbréfum upplýsingar um ráðstöfun fjármálagerninga frá þar til bærum aðila. Hafi Landsbréf ekki fengið upplýsingar frá þar til bærum aðila um ráðstöfun fjármálagerninga skulu áður gefnar upplýsingar teljast réttar og bera Landsbréf enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Landsbréf áskilja sér rétt til að neita að fylgja fyrirmælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi fjármálagerninga eftir andlát, gjaldþrot,

skiptingu eða samruna viðskiptavinar og bera Landsbréf enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af þessu.

11. Hljóðritun símtala og varðveisla rafrænna samskipta

Símtöl sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta eru hljóðrituð. Þá kunna önnur símtöl milli Landsbréfa og viðskiptavinar að vera hljóðrituð.

Rafræn samskipti milli Landsbréfa og viðskiptavinar í tölvupósti, snar- eða netspjalli eða annars konar samskiptaforritum sem viðurkennd eru af Landsbréfum eða útivistunaraðila Landsbréfa á sviði upplýsingatækni og leiða eða kunna að leiða til viðskipta, eru varðveitt í samræmi við kröfur sem gerðar eru í lögum. Önnur rafræn samskipti kunna jafnframt að vera varðveitt.

Hljóðritun símtala og varðveisla rafrænna samskipta er ætlað að tryggja rekjanleika og sannreyna efni símtala og rafrænna samskipta. Þannig kunna Landsbréf m.a. að nota símtalsupptök og rafræn samskipti sem sönnunargagn komi upp ágreiningur um efni samskipta aðila, t.d. um forsendur og framkvæmd viðskipta eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavinar. Þá kann Regluvarsla Landsbréfa einnig að hlusta á símtalsupptök í eftirliti sínu, m.a. í eftirliti með framkvæmd viðskipta með fjármálagerninga.

Aðeins tilteknir starfsmenn eftirlitseininga hafa aðgang að símtalsupptökum og rafrænum samskiptum. Þá hafa tilteknir starfsmenn á sviði Upplýsingatækni (hjá Landsbankanum hf. sem er útivistunaraðili Landsbréfa hf. á sviði upplýsingatækni) aðgang að símtalsupptökum og rafrænum samskiptum í þeim tilgangi að kanna virkni þeirra kerfislausna sem notaðar eru við hljóðritun símtala og vinnslu rafrænna samskipta.

Landsbréf varðveita símtalsupptök og rafræn samskipti, sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta, að lágmarki í 5 ár en Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast þess að þessi gögn verði varðveitt í sjö ár, telji það þörf á því. Aðrar símtalsupptök og rafræn samskipti eru varðveitt í 90 daga.

Viðskiptavinur eða aðili með umboð til að koma fram fyrir hans hönd getur óskað eftir því að fá afrit af símtalsupptökum eða rafrænum samskiptum.

Óski þriðji aðili eftir afriti af símtalsupptöku eða rafrænum samskiptum skal efni þeirra eða afrit símtalsupptöku einungis afhent þeim sem hefur lögmæta hagsmuni af því að fá afrit í hendur, s.s. ef um er að ræða opinberar eftirlitsstofnanir, lögregluþyrirvöld eða aðra sem byggja á lagaheimildum.

12. Trúnaðarskylda og meðferð persónuupplýsinga

Allir starfsmenn Landsbréfa og allir þeir sem kunna að taka að sér verkefni í þágu Landsbréfa eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum fyrir Landsbréfa og varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptavinar, nema þegar skylt er að veita upplýsingar skv. lögum og reglum. Þagnarskylda þessi helst þrátt fyrir að látið sé af störfum hjá Landsbréfum.

Samþykki fyrir skilmálum þessum jafngildir skriflegu samþykki viðskiptavinar að heimilt sé að miðla upplýsingum um viðskiptavin og viðskipti hans með fjármálagerninga innan samstæðu Landsbankans í viðskiptalegum tilgangi. Einnig er miðlun upplýsinga heimil vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

Þá samþykkir viðskiptavinur að Landsbréfum sé heimilt að afhenda nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptavin, s.s. upplýsingar um nafn og auðkenni viðskiptavinar ásamt upplýsingar um viðskipti og fjármálagerninga í eigu viðskiptavinar, til innlendra og erlendra samstarfsaðila sem koma að þjónustunni, s.s. kauphalla, verðbréfamiðstöðva, undirvörsluaðila, útgefanda viðkomandi fjármálagernings og rekstraraðila viðkomandi sérhæfðs sjóðs eða verðbréfasjóðs. Þá er Landsbréfum ávallt heimilt að afhenda þriðja aðila upplýsingar þegar skylt er að veita upplýsingar á grundvelli laga, reglna eða úrskurðar dómstóla. Þessir aðilar geta eftir atvikum verið staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög á hverjum tíma. Í persónuverndarstefnu Landsbréfa er að finna nánari upplýsingar um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer hjá Landsbréfum, m.a. tegundir persónuupplýsinga, tilgang vinnslu, réttindi einstaklinga, varðveislutíma persónuupplýsinga, afhendingu til þriðju aðila og öryggi persónuupplýsinga. Persónuverndarstefna Landsbréfa gildir samhliða skilmálum þessum og er birt á vef Landsbréfa, www.landsbref.is, og ber viðskiptavini að kynna sér hana.

13. Réttur til útvistunar

Landsbréfum er heimilt að útvista þjónustu og/eða verkefnum sem framkvæmd eru á grundvelli skilmála þessara að uppfylltum þeim kröfum sem settar eru fram í lögum, reglum og reglugerðum.

14. Uppsögn og önnur ákvæði

Samningar á grundvelli skilmála þessara eru uppsegjanlegir af hálfu beggja aðila í samræmi við samninga sem gerðir eru við viðskiptavini um fjárfestingaráðgjöf eða eignastýringu. Uppsögn viðskiptavinar tekur gildi fimm dögum eftir að Landsbréf móttaka tilkynningu um uppsögn, en Landsbréf geta sagt samningi upp með tveggja vikna fyrirvara, nema á annan veg sé samið í samningi aðila. Landsbréf geta þó sagt upp án fyrirvara vegna verulegra vanefnda viðskiptavinar á grundvelli einstakra samninga eða skilmála þessara. Landsbréf geta einnig sagt samningi upp án fyrirvara í tilefni af verulegri endurskipulagningu viðskiptavinar, skiptingar, samruna, gjaldþrots eða yfirvofandi gjaldþrots, og andláts. Uppsögn samninga skal gerð skriflega. Ef samningi er sagt upp, ráðstafa Landsbréf fjármálagerningum og fjármunum viðskiptavinar í samræmi við óskir viðskiptavinar sem skulu settar fram skriflega gagnvart Landsbréfum.

15. Breytingar á skilmálum

Landsbréfum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða. Verði skilmálum þessum breytt efnislega skal tilkynna viðskiptavini um slíkar breytingar annað hvort skriflega eða með tölvupósti sem sannanlega hefur verið mótekinn eða með almennri auglýsingu á heimasíðu Landsbréfa eða í netbanka. Breyting á skilmálum tekur gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar, talið frá þeim mánuði sem tilkynning um breytingu berst viðskiptavini. Viðskiptavinur

er bundinn af breytingum sem gerðar eru á skilmálunum nema hann tilkynni Landsbréfum um uppsögn á skilmálunum með sannanlegum hætti eigi síðar en fjórtán dögum eftir að breyttir skilmálar taka gildi. Uppsögn viðskiptavinar samkvæmt þessari grein tekur gildi frá móttöku uppsagnar og skal litið á hana jafnframt sem uppsögn þeirra samninga sem viðskiptavinur á við Landsbréf og skilmálar þessir gilda um.

16. Ábyrgð

Um ábyrgð Landsbréfa vegna viðskipta fer samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lögum um verðbréfasjóði. Landsbréf bera ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar, beinu eða óbeinu í tengslum við viðskipti ef rekja má tjónið til utanaðkomandi atvika, t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.fl. Ennfremur bera Landsbréf ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (*force majeure*). Landsbréf teljast ekki ábyrg fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi Landsbréfa eða fyrirtækja eða stofnana sem Landsbréf eiga samskipti við. Þar á meðal ber Landsbréf ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að framkvæma fyrimæli um viðskipti af ofangreindum orsökum.

Viðskiptavini er ljóst að Landsbréf bera enga ábyrgð á endursölu fjármálagerninga eða verðbróun þeirra fjármálagerninga sem viðskiptamaður kaupir eða keyptir eru fyrir hans hönd, hvort sem þeir hafi verið taldir álitlegur kostur við kaup þeirra eða ekki. Viðskiptavini er einnig ljóst að Landsbréf geta ekki ábyrgst atriði er varða útgefanda/seljanda fjármálagerninga, hvorki er varðar greiðslugetu, rekstrarhæfi, skilvísi eða önnur atriði.

Landsbréf bera ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun viðskiptavinar eða annars aðila á notkunarreglum og skilmálum Landsbréfa. Á sama hátt undanskilja Landsbréf sig ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum viðskiptavinar eða annars aðila.

Viðskiptavinur er bundinn að öllu leyti við þá skilmála sem Landsbréf semja um við þriðja aðila, vegna viðskipta fyrir reikning viðskiptavinar hvort heldur sem er á innlendum eða erlendum vettvangi (um ábyrgð og ábyrgðartakmörkun, framkvæmd, erlendar lagareglur o.s.frv.). Landsbréf ábyrgjast ekki réttar efndir slíkra samninga af hálfu gagnaðila. Skiptir engu máli í þessu sambandi hvort samningur hefur verið gerður í nafni Landsbréfa eingöngu eða fyrir hönd viðskiptavinar. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér efni og skilmála slíkra samninga að því marki sem þeir snerta viðskipti hans.

17. Starfsheimildir, tryggingar og meðferð ágreiningsmála

Landsbréf eru fjármálastofnun starfa sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða, auk þess að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf, samkvæmt starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu.

Verði ágreiningur milli aðila í tengslum við skilmála þessa, skulu þeir leitast við að leysa þann ágreining með samkomulagi sín á milli. Náist slíkt samkomulag ekki er þeim heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðskiptavinur getur jafnframt skotið ágreiningi sem upp kann að koma í tengslum við skilmála þessa til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. (Sjá upplýsingar um nefndina á www.fme.is.)

Skilmálar þessir koma í stað almennra skilmála Landsbréfa um verðbréfiðskipti og öðlast þeir gildi frá og með 8. apríl 2022.